

105. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.
Haldinn í Bergi 21. september 2021. Fundur hófst kl. 16:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Gunnar Eiríksson (varamaður Þórhöllu Karlsdóttur) og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

Dagskrá:

1. **Nýir umsjónarmenn kaffihússins.** S.l. sunnudag, 19. september, opnaði kaffihúsið í Bergi aftur. Samningur var gerður við bændur í Syðra-Holti til áramóta með möguleika á framlengingu. Opið verður 5 daga vikunnar, þ.e. frá sunnudegi til fimmtudags.
2. **Framkvæmdastjóri Menningarhússins Bergs.** Um áramót lýkur þeim tíma sem gefinn var þar til endurmetin yrði sú skipan að forstöðumaður safna væri jafnframt framkvæmdastjóri Menningarhússins Bergs. Í ljósi aukinna verkefna forstöðumanns safna er ljóst að breytinga er þörf. Formanni falið að ræða málið við Dalvíkurbyggð í samræmi við umræður á fundinum.
3. **Ræsting.** Umsjónarmenn kaffihússins sjá um ræstingu á þeim hluta húsnæðisins sem þeir hafa til afnota. Björk lagði fram tilboð í ræstingu á öðrum hlutum hússins frá fyrirtækinu Dagar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir nýju tilboði í samræmi við umræður á fundinum.
4. **Fjárhagur.** Farið yfir fjárhagsstöðuna og líklega þróun til áramóta. Ekki ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni.

Fundi slitið kl.17:50.